

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 4. september 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.17.50.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Ragnar Hilmarsson, Aðalbjörg Óladóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Magnús Gunnarsson. Forföll: Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

1. Fundir stjórnar ÍBH september – desember 2024

Samþykkt að halda stjórnarfundum ÍBH 4. september, 2. október, 6. nóvember og 29. nóvember og hefjast þeir kl. 16.30.

2. Fulltrúaráðsfundur haust 2024

Samþykkt að halda fundinn 10. október nk. og er framkvæmdastjóra ÍBH falið að finna húsnæði fyrir fundinn og vinna áfram að dagskrá fundarins í samráði við stjórn ÍBH.

3. Aðildarumsókn að ÍBH Skautafélag Hafnarfjarðar

Bréf frá Skautafélagi Hafnarfjarðar (SFH), lagt fram. Félagið hélt stofnfund í júní sl. og óskar eftir því að gerast aðildarfélag ÍBH. Eftir umræður um gögn félagsins var samþykkt að veita félaginu inngöngu í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og að inntökugjaldið væri kr. 60.000.

4. Fundur ÍBH með Flensburg í maí 2024

Umræður voru um minnispunkta af fundinum sem var haldinn 24. maí sl. með Díönu Guðjónsdóttur kennara Flensborgarskólans um íþróttafrekssvið skólans, fyrir hönd ÍBH sátu fundinn Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH. Fundarmenn sammála um að vinna áfram með Flensborgarskólanum í að efla mjög gott afrekssvið sem er unnið í góðu samstarfi við aðildarfélag ÍBH og í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar og félaganna.

5. Iðkendatölur úr Ablerkerfi ÍSÍ / UMFÍ frá árinu 2023 starfsskýrsla ÍSÍ 2024 til skiptingar lottóhagnaðar

Farið yfir tölur frá 25 íþróttafélögum sem var búið að skipta í 17 ára og yngri og 18 ára og eldri. Iðkanir hjá börnum 17 ára og yngri eru samtals 9906 og hjá 18 ára og eldri samtals 6289, samtals iðkanir eru 16195. eru þetta 11834 kennitölur hjá iðkendum eftir félögum. Samþykkt að nota nýjar tölur til skiptingar á lottótekjum til aðildarfélag ÍBH.

6. Reglugerð um skiptingu lottóhagnaðar – endurskoðun

Vísað til nefndar stjórnar ÍBH til endurskoðunar. Nefndina skipa Ragnar Hilmarsson og Viðar Halldórsson. Starfsmaður nefndarinnar er Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.

7. Boð á 45. Sambandsráðsfund UMFÍ 12. október 2024

Boðið rætt, fundurinn er haldinn á hóteli Varmalandi í Borgarfirði. Samþykkt að framkvæmdastjóri ÍBH fari.

8. Haustfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun 2024

Lagt fram til kynningar, námið hefst 16. september nk., búið er að senda upplýsingar á öll aðildarfélög ÍBH og hvetja félögin til þess að fara yfir menntunarmál sinna þjálfara.

9. Íþróttavika Evrópu 23. – 30. september 2024

Umræður um vikuna, aðildarfélög ÍBH eru hvött til þess að opna dyrnar fyrir öllum þessa viku svo áhugasamir geti kynnt sér það fjölbreytta starf sem fer fram í félögunum. Heimasíða verkefnisins er beactive.is.

10. Bréf frá ÍSÍ 30. maí 2024 – Lög Golfklúbbsins Keilis

11. Bréf frá ÍSÍ 30. maí 2024 – Lög Sambo 80

12. Bréf frá ÍSÍ 30. maí 2024 – Lög Siglingafélagið Hafliði

13. Bréf frá ÍSÍ 21. júní 2024 – Lög Brettafélag Hafnarfjarðar

14. Bréf frá ÍSÍ 21. júní 2024 – Lög Krikketklúbbs Hafnarfjarðar

Liðir 10 – 14. Stjórn ÍBH hefur kynnt sér þær athugasemdir sem ÍSÍ gerir við lög viðkomandi aðildarfélaga og staðfestir þær. Framkvæmdastjóra ÍBH er ennfremur falið að hafa samband við félögin og vinna breytingarnar áfram í samvinnu við þau með samtali við ÍSÍ fyrir næstu aðalfundi aðildarfélaganna.

15. Önnur mál

a). Fyrirhugaður fundur UMSK, ÍBR og ÍBH 26. september nk. Samþykkt að Hrafnkell, Aðalbjörg og Elísabet fari á fundinn fyrir hönd ÍBH.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.